



Fundarmenn á tæknimannafundi INSPIRE.

## Fundur með tæknimönnum stofnana

Þann 1. september síðastliðinn héldu Landmælingar Íslands fund með tæknimönnum nokkurra stofnana sem eiga gögn tengd viðaukum I og II í INSPIRE tilskipuninni. Á fundinum sem haldinn var í húsnæði Náttúrufræðistofnunar báru menn saman bækur sínar m.a. til að fá yfirsýn yfir stöðu tæknimála. Þar kom fram að flestar stofnanirnar reka eigin landupplýsingagrunna og þjónustur í kringum þá og munu því geta veitt gögnum sínum inn í landupplýsingagátt með einföldum hætti. Einnig kom fram að fáar stofnanir hafa byrjað að skrá lýsigögn eftir ISO stöðlum eða INSPIRE stöðlum en hafa þó áform um slíkt á næstunni. Ekki hafa margar stofnanir kynnt sér þær innleiðingareglur sem gefnar hafa verið út af INSPIRE og finna má á heimasíðu INSPIRE. Mikilvægt er að þeir aðilar sem hafa með gögn undir viðauka I og II að gera líti á þessar reglur sem fyrst. Þá kom fram að Landmælingar Íslands hafa í hyggju samkvæmt nýjum

lögum að reka landupplýsingagátt sem mun gefa upplýsingar um alla opinbera landupplýsingagrunna á Íslandi sem falla undir INSPIRE skilgreiningu. Úr þessari gátt er áætlað að veita gögnum inn í INSPIRE landupplýsingagátt Evrópusambandsins.

Að lokum bauðst Þjóðskrá til að vinna með Landmælingum Íslands að samþengingu kortaþjóna stofnunarinnar við landupplýsingagátt Landmælinga Íslands og með því undirbúa enn betur aðkomu annarra stofnana að skráningu lýsigagna. Fram kom sú hugmynd að Landmælingar Íslands standi fyrir námskeiði í haust í skráningu lýsigagna fyrir gagnasöfn sem falla undir grunngerðarlögin. Fundarmenn voru hvattir til að huga að skipulagi gagnagrunna sinna og hefjast handa við skráningu lýsigagna en áætlað er að landupplýsingagátt fyrir grunngerð stafrænna landupplýsinga verði opnuð í lok ársins 2011. Nánar um fundinn [hér](#).

[Dæmi um landupplýsingagáttir nokkurra Evrópuríkja](#)

<http://grunngerd.lmi.is/>

## Hvaða gögn, málefni og þjónustur falla undir INSPIRE?

Almenna reglan er sú að INSPIRE fjallar um tilgreind landupplýsingagögn stjórnvalda, á rafrænu formi, um þemu sem talin eru upp í viðauka I, II og III í INSPIRE tilskipuninni. Viðaukar I og II fjalla um grunnkort og grunnþemu og skráningu gagna (tilvísunargögn) sem mynda grunn fyrir gögn í viðauka III. Viðauki III er sérstaklega þýðingarmikill fyrir áætlanagerð, stjórnun og umhverfisvöktun.

Aðildarríkjum INSPIRE ber að koma á fót og starfrækja vefþjónustur fyrir stafrænar landupplýsingar og lýsigögn þeirra. Í vefþjónustunum þarf t.d. að vera hægt að leita að gögnum, skoða þau, hala niður og varpa.

Aftast í [Íslenski þýðingu á INSPIRE-tilskipuninni](#) er hægt að lesa viðaukana.

## Innleiðingareglur og tæknilegar leiðbeiningar

Á grunngerðarvef Landmælinga Íslands er að finna flæðirit sem sýnir vinnuferli Evrópusambandsins vegna INSPIRE. Sjá [hér](#).

## Áhugaverðir tenglar

[Lög um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar](#)

[Heimasíða INSPIRE](#)

[Þýðing Landmælinga Íslands á INSPIRE tilskipuninni](#)

[Greinargerð og tillögur um innleiðingu INSPIRE á Íslandi](#)

[Innleiðing INSPIRE á Íslandi](#)

[Grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar](#)

[Flæðirit fyrir skráningu INSPIRE lýsigagna](#)

## Hvernig nýtist INSPIRE?

INSPIRE tilskipunin og þar með uppbygging á evrópskri grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar kemur til með að nýtast á margvíslegan hátt fyrir samfélagið. Sem dæmi má nefna viðbragðsaðila neyðaráætlana en tilskipunin tryggir samevrópska grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar sem mun koma bæði opinberum stofnunum og einkaaðilum til góða.

Meginhugmyndin að baki sameiginlegri grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar er að gögn séu aðgengileg og notuð af grenndarsamfélaginu, á landsvísu eða á erlendum vettvangi, einnig milli mismunandi atvinnugreina s.s. í umhverfisvernd, samgöngum, landbúnaði o.s.frv. Dæmi um slíkt eru neyðaraðstæður þar sem vinna þarf yfir

landamæri ríkja t.d. vegna náttúruhamfara, en upplýsingar frá mismunandi yfirvöldum geta gefið ítarlegt yfirlit af hörmungunum sem koma frekari skipulagsvinnu til góða. Þá getur samræmt landupplýsingakerfi verið mikilvægt í öðrum greinum en umhverfistengdum, en þar má sem dæmi nefna heilbrigðiskerfið. Innan þess má t.d. nota landupplýsingakerfi til að greina þætti eins og sjúkrahúsinnlagnir, uppruna sjúklinga og heimsóknir á neyðarmóttöku. Greiningar s.s. til að finna landfræðilegan mun á neyslumynstri milli dreifbýlis og þéttbýlis eru einnig nytsamlegar til að búa til sem best heilbrigðisumhverfi vegna meðferða og forvarna.

## Samráðsfundur forstjóra vegna nýrra laga um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar

Þann 2. september 2011 boðaði forstjóri Landmælinga Íslands til samráðsfundar með forstjórum eða staðgenglum frá sjö lykilstofnunum til að kynna ný lög um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar. Meginmarkmið fundarins var að kynna helstu þætti INSPIRE-tilskipunarinnar og var lögð sérstök áhersla á mikilvægi góðs samstarfs þeirra stofnana og sveitarfélaga sem hlut eiga að máli. Fundarmenn voru jákvæðir og töldu að INSPIRE-verkefnið væri mikilvægt og þarft til að bæta aðgengi að landupplýsingum á Íslandi. Fram kom að brýnt væri að stjórnendur settu verkefnið á dagskrá og fylgdu því vel eftir. Í lok fundarins var ákveðið að hittast aftur í desember næstkomandi og fara yfir stöðuna í verkefninu.



## INSPIRE ráðstefna í Edinborg 27. júní til 1. júlí 2011

Evrópuráðstefna INSPIRE er haldin árlega af Joint Research Center stofnun Evrópusambandsins. Að þessu sinni var ráðstefnan haldin í Edinborg í Skotlandi, dagana 27. júní – 1. júlí 2011. Yfirskrift ráðstefnunnar var **Contributing to smart, sustainable and inclusive growth**. Ráðstefnan hefur það markmið

að kynna hvað er að gerast í innleiðingu INSPIRE-tilskipunarinnar í Evrópu og að fara yfir tæknilega þætti. Ráðstefnuna sækja þeir sem vinna við innleiðingu tilskipunarinnar í aðildalöndunum bæði frá stofnunum, ráðuneytum og sveitarfélögum. Nánar má lesa um ráðstefnuna og finna tengil á alla fyrirlestra [hér](#).

## Hvað er „grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar“ eða einfaldlega „grunngerð“?

Samkvæmt lögum nr. 44/2011 er grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar: Tækni, stefnur, staðlar og mannauður sem þarf til að afla stafræna landupplýsinga, vinna úr þeim, varðveita, miðla og auðvelda notkun þeirra. Grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar byggir á meginreglum INSPIRE:

- Gögnum skal einungis safnað einu sinni;
- Gögnum skal vera haldið við þar sem hægt er að gera það á sem hagkvæmastan hátt;
- Einfalt yfirlit verði til um gögn og þjónustu sem er í boði;
- Gögn ætti helst að nota frá upprunastað sínum;
- Það sé tryggt að hægt sé að nota gögn frá mörgum í mismunandi samhengi.

## Álit þitt á skjölum INSPIRE vinnuhópa EU

Landmælingum Íslands hefur borist tilkynning frá skifstofu EFTA (European Free Trade Association) þar sem fram kemur að skrifaðar hafa verið leiðbeinandi reglur (guidelines) fyrir þau gögn sem falla undir viðauka II og III í INSPIRE-tilskipuninni. Reglurnar eru opnar almenningi til yfirlstrar. Sjá nánar um tilkynninguna [hér](#).

## INSPIRE landupplýsingagáttin

INSPIRE landupplýsingagáttin veitir aðgang að landupplýsingum og landupplýsingaþjónustum þar sem hægt er að skoða og hlaða niður landupplýsingum frá aðildarríkjum Evrópusambandsins. Gáttina er að finna á vefsíðunni <http://www.inspire-geoportal.eu/index.cfm>

Á vefsíðunni <http://www.inspire-geoportal.eu/index.cfm> eða INSPIRE landupplýsingagáttinni er hægt að skoða og hlaða niður landupplýsingum frá aðildarríkjum Evrópusambandsins.